

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 297/2010

2011/EES/5/34

frá 9. apríl 2010

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFURmeð hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um  
flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar  
(EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samþykkja skal almennar ráðstafanir til að bæta við almennar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi á sviði skimunar, aðgangseftirlits og annars flugverndareftirlits svo og á sviði flokka bannaðra hluta, viðurkenningar á jafngildi krafna um flugvernd í þriðja landi, ráðingar starfsfólks, þjálfunar, sérstakra verndarráðstafana og undanþágna frá flugverndareftirliti.
- 2) Þessar almennu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að koma á sameiginlegri flugvernd í almenningsflugi innan Evrópusambandsins til að vernda ferðamenn gegn ólöglegu athæfi. Flugverndarráðstafanir, sem aðeins þarf að framkvæma einu sinni (one-stop-security), eru hvað mikilvægastar í löggjöf Evrópusambandsins til að ná þessu markmiði. Því er nauðsynlegt að samhæfa skimunaraðferðir til að viðhaldna flugverndarráðstöfunum, sem aðeins þarf að framkvæma einu sinni, innan Evrópusambandsins, þ.m.t. eftirlit með vökvum, úðæfnum og geli án þess að hindra að ríkisborgarar í Evrópusambandinu njóti ávinnings af sameiginlega loftflutningamarkaðinum.

- 3) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 <sup>(2)</sup>, er í hluta A.3 greint frá leyfilegum skimunaraðferðum að því er varðar farangur, farm og pósti sem á að setja um borð í loftfar. Nauðsynlegt er að heimila með vissu millibili viðbótaraðferðir við skimun sem sýnt hefur verið fram á að séu árangursríkar við skimun tiltekinnna eða sumra tegunda farms og skapa lagagrundvöll fyrir þróun ítarlegra framkvæmdarráðstafana. Talið er árangursríkt að skima tilteknar tegundir farms með málmleitarbúnaði.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 272/2009 er ekki kveðið á um að vökva, úðæfni og gel skuli teljast til flokks hluta sem heimilt er að banna að fluttir séu inn á haftsvæði flugverndar og um borð í loftfar. Þess í stað er gerð sú krafa í reglugerð (EB) nr. 272/2009 að aðferðir, þ.m.t. tækni til að greina sprengiefni í fljótandi formi, verði nýttar á flugvöllum innan Evrópusambandsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 29. apríl 2010.
- 5) Tími er til kominn að afhema takmarkanir, sem gilda um vökva, úðæfni og gel, þannig að í stað þess að banna flesta vökva verður smám saman tekið í notkun skimunarkerfi sem greinir sprengiefni í fljótandi formi. Í þessu skyni er þörf á bráðabirgðafyrirkomulagi sem gildir eftir apríl 2010 svo unnt sé að innleiða greiningaraðferðir í áföngum, þ.m.t. tækni á öllum flugvöllum í Evrópusambandinu, án þess að stofna flugvernd í hættu. Eitt helsta áhyggjuefni þeirra sem starfa að löggæslu er að koma í veg fyrir hryðjuverkaögn í framtíðinni og slíkt útheimtir að skilvirkar aðferðir séu til staðar þar til unnt er að koma upp á flugvöllum áreiðanlegum greiningarbúnaði. Því er þörf á nýrri aðferð. Þessu skal ná fram eigi síðar en 29. apríl 2013 en þá skal vera unnt að skima vökva, úðæfni og gel á öllum flugvöllum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 90, 10.4.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4. 2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 91, 3.4. 2009, bls. 7.

- 6) Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að tekinn sé fyrir í notkun búnaður á flugvöllum, að því tilskildu að hann uppfylli þær kröfur sem settar eru í framkvæmdarlöggjöf sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Þannig gætu flugvallir auðveldað brottfararfarþegum að hafa meðferðis vökva, úðaefna og gel með því að nýta t.d. skimunarbúnað til að greina sprengiefni í fljótandi formi í einu öryggishliði. Auk þess kunna sumir flugvallir að kjósa að flýta uppsetningu á þróuðum búnaði.
- 7) Þar sem þörf er á meiri sveigjanleika við tilhögun verndarráðstafana á flugvöllum eru sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd áfram algjörlega hlutlausar í tæknilegu tilliti. Aðildarríki og flugvallir geta valið þá tækni sem nýta skal og árangursríkast og skilvirkast er að reka á flugvöllum úr þeim valkostum sem settir eru fram í reglugerð (EB) nr. 272/2009 og breytt er hér.
- 8) Notkun skimunarbúnaðar, sem getur greint sprengiefni í fljótandi formi, útheimtir að flugvallir eða aðrir aðilar, sem bera ábyrgð á flugvernd, útvegi og nýti búnað sem uppfyllir tæknistaðla sem hafa verið samþykktir skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008. Aðildarríkin skulu tryggja að öllum kröfum samkvæmt reglum sé framfylgt svo hægt sé að nýta slíkan búnað innan þess frests sem vísað er til í þessari reglugerð.
- 9) Á aðlögunartímabilinu skulu farþegar upplýstir með skýrum hætti á hvaða flugvöllum í Evrópusambandinu skimun vökva fer fram. Flugvallir og flugrekendur skulu vinna saman að því að tryggja að upptaka vökva, úðaefna og gels verði eftir sem áður lokaúrræði.
- 10) Breyta skal þeim almennu ráðstöfunum, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 272/2009, þannig að settar verði reglur sem leyfa að notaður sé málmeitarbúnaður til að skima lestarfarangur, farm og póst, þar sem við á, og heimila að komið verði á bráðabirgðafyrirkomulagi í áföngum þess efnis að hafa megi vökva, úðaefni og gel meðferðis inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar og fyrirkomulagið gildi í takmarkaðan tíma svo flugverndarkröfum verði ekki stofnað í hættu.
- 11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 272/2009 til samræmis við það.
- 12) Þróun á sviði tækni og reglusetningar, bæði á vettvangi Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi, kann að hafa áhrif á dagsetningarnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Ef við á, getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur um endurskoðun, einkum að því er varðar virkni búnaðar og tillitssemi við farþega.
- 13) Reglugerð (EB) nr. 300/2008 kemur að fullu til framkvæmdar frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum, sem eru samþykktar í samræmi við verklagsreglurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. 4. gr. í þeirri reglugerð, en eigi síðar en 29. apríl 2010. Þessi reglugerð gildir því frá og með 29. apríl 2010 ásamt reglugerð (EB) nr. 300/2008 og viðbótar- og framkvæmdargerðum hennar.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem skipuð var með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

## VIDAUKI

Viðauka við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í stað f- og g-liðar í hluta A.3 komi eftirfarandi:

„f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD),

g) hermiklefi og

h) málmleitarbúnaður.“

2. Á eftir B-hluta bætist eftirfarandi hluti B1 við:

„HLUTI B1

**Vökvar, úðæfni og gel**

Heimilt er að hafa vökva, úðæfni og gel meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar, að því tilskildu að efnin hafi verið skimuð eða séu undanþegin skimun í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglunum sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

1. Eigi síðar en 29. apríl 2011 skal heimilt að hafa vökva, úðæfni og gel, sem keypt eru á flugvelli í þriðja landi eða um borð í loftfari flugrekanda utan Bandalagsins meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar að því tilskildu að vökvanum sé pakkað í poka sem uppfyllir ráðlagðar viðmiðunarreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar flugverndareftirlit og pokinn sýni með fullnægjandi hætti að hann hafi verið keyptur á flugsvæði flugvallar eða um borð í loftfari innan næstliðinna 36 klukkustunda. Þeir skulu skimaðir í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglum sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
2. Eigi síðar en 29. apríl 2013 skulu vökvar, úðæfni og gel skimuð á öllum flugvöllum í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglum sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að öllum kröfum samkvæmt reglum sé framfylgt svo hægt sé að nýta vökvaskimunarbúnað sem uppfyllir kröfur í framkvæmdarreglum sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 innan þess frests sem vísað er til í 1. og 2. mgr.

Farþegar skulu upplýstir með skýrum hætti á hvaða flugvöllum í Evrópusambandinu þeim er heimilt að hafa vökva, úðæfni og gel meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar og hvaða skilyrði fylgja því.“